



 **Benelli**

5 ára ábyrgð á öllum nýjum byssum



Super Nova pumpa - 12-ga. 3 1/2"



M2 Field, ComforTech™ - 12-ga. 3"



Beccaccia, 12-ga. og 20-ga.

Dreifing:

**Veidihúsid**

Hólmaslóð 4 · 101 Reykjavík · Sími 562-0095/897-1719 · [www.veidihusid.is](http://www.veidihusid.is)

# VEIÐIDAGBÓK



UST

Umhverfisstofnun

# 2008



Rataðu í óbyggðum úthverfanna og stytstu þér leið á ferðalögum erlendis. Garmin Nuvi línan visar þér örugga leið á áfangastað.



R. SIGMUNDSSON

# EFNISYFIRLIT

13. árgangur



## UST

Umhverfisstofnun

Leiðari .....	2
Refir og minkar .....	3
Íslenski hreindýrastofninn .....	6
Veiðiátak á mink .....	12
Minkaveiðiátak Skotveiðifélags Íslands .....	15
Beiðni um vængi vegna gæsa- og andarannsókna .....	21
Veiðidagbók .....	22
Happdrætti .....	30
Veiðikortakerfið .....	32
Veiðitölur .....	34
Sóknardagar og áætluð stofnstærð .....	36
Friðlýst svæði .....	37
Kort af friðuðum svæðum .....	40
Fuglamerki, hvað á að gera við þau? .....	42
Boð og bönn .....	44
Veiðitímabil, tafla .....	48

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.  
Borgir v/Norðurslóð • 600 Akureyri  
Sími: 460 7900 • Bréfasími: 460 7901  
Heimasíða: [www.ust.is](http://www.ust.is) • Tölvupóstur: [veidistjorn@ust.is](mailto:veidistjorn@ust.is)  
Ljósmynd á forsiðu: Einar Guðmann  
Prentvinnsla: Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700  
Ritstjóri: Bjarni Pálsson  
Ábyrgðarmaður: Hjalti J. Guðmundsson

Útgáfunúmer UST-2008:01

# LEIÐARI



## ÁKI ÁRMANN JÓNSSON

SVIÐSSTJÓRI FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGASVIÐS

### Góður árangur rjúpnaveiðistjórnunar

Nú hafa veiðitölur fyrir rjúpnaveiði 2005 og 2006 borist Umhverfisstofnun. Samkvæmt þeim hafa veiðimenn brugðist vel við þeim tilmælum að draga úr rjúpnaveiði og er veiðin a.m.k. helmingi minni þessi tvö ár sé miðað við sambærilega stofnstærð fyrir friðun. Þetta sýnir að veiðikort-hafar eru tilbúnir að axla ábyrgð og reyndar höfðum við séð svipuð jákvæð viðbrögð þegar veiðimenn voru beðnir um að hlífa grágæsinni tímabundið 1999-2002.

### Nýtt skipurit Umhverfisstofnunar

Um áramótin tók gildi nýtt skipurit Umhverfisstofnunnar. Helstu breytingar eru fækkun sviða og t.d. runnu saman Náttúruverndarsvið og Veiðistjórnunarsvið og heitir nú Náttúruauðlindasvið. Náttúruauðlindasvið skiptist síðan í svið lífríkis- og veiði-

stjórnunar og svið náttúruverndar. Bjarni Pálsson sem var verkefnisstjóri veiðikorta verður nú deildarstjóri lífríkis- og veiðistjórnunar.

### Að lokum

Árið 1995 flutti undirritaður búferlum til Akureyrar og tók til starfa hjá Veiðistjóraembættinu sem verkefnisstjóri veiðikorta. Premur árum seinna varð ég veiðistjóri en árið 2003 var Veiðistjóraembættið lagt niður og varð hluti af Umhverfisstofnun. Síðan þá hef ég gegnt stöðu forstöðumanns veiðistjórnunarsviðs. Nú um áramótin voru gerðar skipulagsbreytingar hjá Umhverfisstofnun og mun ég taka við starfi sviðsstjóra sömu stofnunar. Þar með lýkur beinum afskiptum mínum af veiðikortum eftir 13 ára starfsferil þeim tengdum.

Á þessum tímamótum vil ég þakka öllum veiðikorthöfum ánægjuleg samskipti og samstarfsvilja í gegn um tíðina.

# REFIR OG MINKAR



## BJARNI PÁLSSON

DEILDARSTJÓRI LÍFRÍKIS- OG VEIÐISTJÓRNUNARDEILDAR

Nokkuð góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2007 eins og undanfarið ár. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og

stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2007 og til samanburðar kostnaðurinn árin 2006 og 2005.

Tafla 1: Sundurliðuð refaveiði

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2007	2.397	939	1.908	5.244
2006	2.687	858	1.875	5.420
2005	2.151	991	2.183	5.325
2004	2.340	1.084	2.264	5.688
2003	2.154	833	1.845	4.832
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

Tafla 2: Kostnaðaryfirlit yfir minka- og refaveiðar 2005-2007

	Refir			Minkar			
	2007	2006	2005	2007*	2006	2005	
Veidd dýr	5.244	5.420	5.325	5.423	(5.812)**	6.418	7.024
Vinnustundir	13.155	14.271	14.657	11.085	(14.697)*	10.356	13.805
Eknir km.	58.195	61.846	54.428	75.151	(112.483)*	65.952	84.995
Kostn. millj. króna	68	67	61	38		39	45
Kostn. pr. veitt dýr	12.967	12.362	11.455	7		6.077	6.407
Vinnust. pr. veitt dýr	2,5	2,6	2,8	2,04		1,61	1,97
Eknir km. pr. veitt dýr	11,1	11,4	10,2	13,9		10,3	12,1

\*Tölurnar í svigunum eru að viðbættum veiðitölunum úr minkaveiðiáttakinu á Snæfellsnesi og Eyjafirði. Þær tölur eru ekki með í reikningnum um akstur og kostnað á hvert dýr.

\*\*Á Snæfellsnesi og Eyjafirði eru hvolpar ekki taldir með en víða annarsstaðar eru hvolparnir taldir sem full-


orðin dýr og sumstaðar eru ógotnar læður á tímabilinu apríl fram í maí taldar sem fimm dýr, það er eitt fullorðið dýr og fjórir hvolpar. Ef sama reikniregla hefði verið höfð á minkaveiðiáttakssvæðinu hefði tala fjölda veiddra minka í sviganum verið á bilinu 6200-6320.

Veidar erlendis – ódýrari en hreindýraveiði á Íslandi


www.HUNTER.is

Sími 896 6700

Refaveiði 1957-2007



Minkaveiði 1957-2007



# ÍSLENSKI HREINDÝRSTOFNINN




## SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON

NÁTTÚRUSTOFU AUSTURLANDS

Hreindýr hafa gengið á Íslandi í rúmar tvær aldir. Síðan á fjórða tug síðustu aldar hafa þau verið bundin við Austurland en um 1940 taldi Helgi Valtýsson að aðeins um 100 hreindýr væru eftir á landinu (1. mynd). Að hans ráði var farið að veiða tarfa og samhliða því

fjölgaði í stofninum. Árið 1954 var hreindýralögum breytt og heimildir til veiða gerðar viðtækari. Stofninn var þá að lágmarki 2000 dýr og ennþá að mestu einskorðaður við Héraðsöræfin. Veiðikvótinn var ákveðinn 600 dýr, sem deildist á 13 hreppa og var það næstu árin.



1. mynd. Niðurstöður vetrar- og sumartalninga, áætlaður heildarstofn að sumri, veiðikvóti og árleg veiði hreindýra frá 1940. Síðustu árin hefur kálfveiðin bæst við útgefninn kvóta og skýrir það af hverju veiðin er meiri en kvótinn.

Frá og með árinu 1972 var kvótinn breytilegur en tók mið af árlegri sumartalningu og skipting hans fór eftir dreifingu dýranna. Þannig skiptist kvótinn á 32 hreppa 1988.

Fram til ársins 1990 ákvað Menntamálaráðuneytið veiðikvóta og skiptingu hans á milli hreppa. Umhverfisráðuneytið tók við því árið 1991. Árið 1991 var Veiðistjóraembættinu falin vöktun stofnsins en frá og með 2000 Náttúrustofu Austurlands.

Með reglum um stjórn hreindýraveiða frá 1992 varð til Hreindýraráð og heimilað var að selja veiðileyfi. Skilgreindir voru hreindýraleiðsögumenn sem fylgja skyldu veiðimönnum. Meta skyldi landfræðileg mörk hreindýrahjarða og í kjölfarið var stofninum skipt í níu hjarðir og samsvarandi veiðisvæði


Frá 1940 fjölgaði hreindýrunum jafnt og þétt og 1972 voru talin um 3600 hreindýr á Snæfellsöræfum og heildarstofninn að sumri metinn rúm 4000 dýr. Næstu árin fækkaði þeim nokkuð og 1995 var sumarstofninn áætlaður 2500 dýr. Eftir það hefur þeim fjölgað

ár frá ári og var sumarstofninn 2007 áætlaður a.m.k. 5600 dýr (1. mynd). Þetta gerist þrátt fyrir veglegan veiðikvóta og ýmislegt bendir til þess að fjölgunin tengist lægri dánartíðni vegna hagstæðra vetrar. Samhliða fjölgun dýra á Snæfellsöræfum má búast við að þau dreifist meira og hefur heimsóknnum þeirra fjölgað á heildar Vopna- og Pistilfjarðar síðustu árin. Gróflega áætlað er land norðan Hofsár og austan Jökulsár á Fjöllum rúmur helmingur af heildarflatarmáli hreindýrahaga sunnan Hofsár. Ef hreindýrun fjölgaði þar í samræmi við þéttleika sunnar og góðæri verður viðvarandi má áætla að heildar sumarstofninn gæti orðið um 8000 dýr. Árleg veiði gæti orðið að lágmarki 2000 dýr innan fárra ára ef vilji væri fyrir slíku.

Þegar stofninn var í lægð um 1995 voru aðeins veidd um 300 dýr á ári. Samhliða fjölgun jókst veiðin og náði hámarki nú í haust er felld voru 1283 dýr (kálfar meðtaldir) og hefur lögleg veiði aldrei áður verið svo mikil (1. mynd og 1. tafla)

2007	Fjöldi	Meðalfallþungi	Heildarþyngd	1500kr/kg
Kýr	569	40.2	22.874	34.311.000
Tarfar	560	84.2	47.152	70.728.000
Kálfar	154	21,60	3.326	4.989.000
			<b>73.352</b>	<b>110.028.000</b>

1. tafla. Áætluð heildarþyngd felldra hreindýra 2007 og verðmætis þeirra.



2. mynd. Skipting veidisvæða 2007 og áætlaður vetrarstofn hreindýra á hverju svæði.

Heildartekjur af seldum veiðileyfum 2007 var 86.942.000 og skiptust rúm 86% af því á milli jarða þar sem Náttúrustofa Austurlands

hefur metið einhvern ágang á landið. 82 einstaklingar höfðu starfsleyfi sem leiðsögumenn með hreindraveiðum haustið 2007.

SKOTVÍS hefur ályktað um að æskilegt væri að dreifa hreindýrum um landið. Hafa menn aðallega á síðustu árum litið til Vestfjarða en áður fyrr einnig til suðvesturhornins.


Á Kollabúðafundi á Vestfjörðum um 1850 var skorað á fundarmenn að útvega sér hreindýr og temja þau svo umræðan um að flytja þau í aðra landshluta er ekki ný af nálinni.

Helgi Valtýsson var þeirrar skoðunar að temja ætti íslensku hreindýrin. Í bréfi til Birgis Thorlacius ráðuneytisstjóra 1956 segir hann að eina lausnin gegn hrífjölgun hreindýra sé að fá þaulreynda Finnlappa til að temja öræfa-hjörðina til að gera hana smölunarhæfa. Einnig að þjálfra unga Íslendinga til að taka við hjörðinni.


Guðmundur Þorláksson fór um Vestfirði 1959 fyrir Menntamálaráðuneytið til að kanna skilyrði fyrir hreindýr. Niðurstöður hans voru jákvæðar, samarbeið góð og vetrarbeið víða ágæt eins og á Barðaströnd. Í Hornvík og víðar á Ströndum tæki aldrei fyrir beit. Skoðanir heimamanna voru skiptar og óttuðust sumir að þau myndu svelta á vetrum og ganga nærri bithaga búfjár á sumrum.

Árið 1995 sótti Stefán H. Magnússon hreindýrabóndi á Grænlandi um leyfi til reksturs og umsjónar á helmingi hreindýrstofnsins á Austurlandi (1000-

1500 dýr). Hugðist hann girða af Langanes og nota sem sumarbeiti-land. Einnig átti að flytja hreindýr á Strandir þar sem þau myndu ganga fram að jólum en þá fluttu í girðingu í landi Ólafsdals í Döllum. Seinna kannaði hann einnig möguleika á því að fá Melrakkaslétu undir hreindýrabúskap. Árið 2005 sótti hann um leyfi til að flytja til landsins 350 hreindýr frá Grænlandi. Í stuttu máli hafa þeir sem málið varðar lagst gegn öllum þessum áformum Stefáns m.a. vegna gróðurverndarsjónarmiða og smitsjúkdómahættu.



3. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára kúa á svæði 2 og 3-7 árin 1995 til 2007.



4. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára tarfa í veiði árið 2007.

Annað slagið gerist það að hreindýr sjást utan Austurlands. Í október 2004 voru tvö dýr við Hrauneyjar og töldu menn það vera tarfa. Að boði yfirdýralæknis var reynt að fella þau en tókst ekki. Sumarið 2007 sást kýr með kálfi á Arnarvatnsheiði.

Orðrómur var á kreiki um að gæsaskyttur hefðu séð hreindýr norðan við Hofsjökul árin á undan. Ekki er ólíklegt að tarfur frá Hrauneyjum 2004 hafi átt í kálfinum og jafnvel hugsanlegt að annað dýrið þá hafi verið kýrin sem dúkkaði upp á Arnarvatnsheiðinni. Yfirdýralæknir taldi ekki ástæðu til að fella kúna og kálfinn enda ekki mikil hætta á að eitt dýr austan af landi á Arnarvatnsheiði bæri smit á milli svæða né að það væri visir

að landnámi dýra á þessum slóðum. Dýrin sáust ekki í göngum 2007 og er talið líklegt að þau hafi leitað norður á Strandir eða næsta nágrenni.

Þegar borinn er saman meðalfallþungi 3-5 ára kúa á svæði 2 og 3-7 árið 2007 er marktækur munur (Mann-Whitney Rank Sum Test -  $P = <0,001$ ). Munurinn er mikill eða tæp 6 kg (39.0 og 44.7 kg). Þegar litið er á fallþungann á árunum 1995 til 2007 sést að hann sveiflast nokkuð en all góð fylgni er á milli Snæfellsdýra og Fjarðardýra. Fylgjast þarf vel með Snæfellsdýrunum því líkur eru á því að niðursveifla þar síðustu árin tengist auknu beitarálagi.

Ef borinn er saman fallþungi þriggja til fimm ára tarfa á svæði 1 (90.5 kg N:89) og 2 (80.8 kg N:183) haustið 2007 er greinilega marktækur munur (Mann-Whitney Rank Sum Test -  $P = <0,001$ ). Ekki er marktækur munur á milli svæðis 1 og 4 en mælingar á svæði 4 eru fáar (12). Ekki er heldur marktækur munur á milli svæða 1 og 7 (93,4 kg N:43) (Mann-Whitney Rank Sum Test -  $P = 0,151$ ). Samkvæmt þessu eru tarfarnir á Fljótisdals- og Fellaheiði töluvert léttari en á öðrum veiðisvæðum þar sem ekki er marktækur munur á milli nema á svæði 8 sem erfitt er að skýra.

Árið 1998 lagði Norðurskautsráðið fyrir lífríkisvernd á norðurslóðum, CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), að skipuleggja vöktun líffræðilegrar fjölbreytni á norðurslóð og meta áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi þar. Af því leiddi m.a. stofnun CARMA (Circum-Arctic Rangifer Monitoring & Assessment Network). Markmið þess er að vakta og meta áhrif hnattrænna breytinga á samspil manna og hreindýra á norðurhvara með þverfaglegu samstarfi. Vald-ar voru samanburðarhjarðir sem

víðast á norðurhvara og m.a. unnið að samræmingu aðferða við vöktun. Starfið byrjaði haustið 2004 og hafa samstarfsaðilar fundað í Vancouver í Kanada í nóvember á hverju ári síðan. Íslandi þáði boð um þátttöku haustið 2007 og þar voru íslensku, norsku og græn-lensku hreindýrin tekin inn í hóp samanburðarhjarða. Samstarfið lofar góðu og er búist við að það gagnist vel í framtíðinni.

Keypt hafa verið 15 staðsetningartæki á hreindýr í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Fyrirhugað er að hengja þau á kýr á svæðum 2 og 7. Tækin koma til með að staðsetja dýrin átta sinnum á dag í 2-3 ár. Bundnar eru miklar vonir við að þessar rannsóknir stóruki þekkingu okkar á hagagöngu hreindýranna og efla vöktun stofnsins.

Til eru þeir og jafnvel á Alþingi sem telja hreindýr á Íslandi umhverfisslys. Með góðri vöktun og stjórnun stofnstærðar þar sem stefnt er að hámarksnýtingu án þess að ganga nærri landi ætti að vera tryggt að þessi skoðun verði aðeins fárra.

# VEIÐIÁTAK Á MINK



## ARNÓR Þ. SIGFÚSSON, VERKEFNISSTJÓRI

VERKFRÆDISTOFU SIGURÐAR THORODDSEN

Frá því í mars á síðasta ári hefur sérstakt veiðiátak á mink verið í gangi á Snæfellsnesi og Eyjafirði þar sem tilgangurinn er að athuga hvort fýsilegt sé að útrýma mink á Íslandi og á það að standa yfir í þrjú ár. Á Snæfellsnesi afmarkast veiðisvæðið í austri af markalínu sem dregin er úr botni Álftafjarðar í norðri suður yfir fjallgarðinn um Hafursfell og í sjó á Löngufjörum. Við Eyjafjörð nær svæðið frá botni Eyjafjarðar og til norðurs að Kaldbaki að austan og að Ólafsfjarðarmúla að vestan, þar með taldir Þverdalir, Hörgárdalur, Öxnadalur og Svarfaðardalur. Nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur umsjón með veiðiáttakinu en Umhverfisstofnun hefur umsjón með veiðunum og ræður verk-

efnisstjóra og veiðimenn til að sinna þeim. Samhliða veiðunum eru í gangi rannsóknir sem ætlað er m.a. að meta árangur veiðiáttaksins og eru þær unnar af Náttúrustofu Vesturlands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Með áttakinu er stefnt að því að margfalda veiðiálag á þessum svæðum frá því sem áður var auk þess sem veiðarnar eru með skipulegri hætti. Áhersla var lögð á að hefja gildruveiðar af fullum þunga um mánaðarmót febrúar/mars og auka þannig verulega veiðiálag síðari hluta vetrar frá því sem áður hefur tikast og fram á sumar. Gildrum er fjölgað umtalsvert frá því sem áður hefur verið á svæðunum og þær jafnframt lagðar víðar en áður. Veiðimenn

völdu þær gildrur sem þeir töldu best henta á hverjum stað og var svokölluð Glefsa sú gildra sem langmest er notuð. Glefsan er dauðagildra, þ.e. drepur minka sem í hana koma, þannig að ekki þarf að vitja um hana daglega. Á þéttbýlissvæðum þar sem dauðagildrur geta drepð ketti og verið hættulegar börnum voru notaðar aðrar tegundir. Einnig voru á Snæfellsnessvæðinu allnokkrar Minkasiur sem eru að veiða en eru ekki beint hluti af veiðiáttakinu og í Dalvíkurbyggð lagði Sparisjóður Svarfæla til tvær Minkasiur. Einnig voru nokkrar vatnsgildrur til staðar áður en átakið hófst og nýjar lagðar.

Hundaveiði hófst í lok mars á Snæfellsnesi og um mánuði seinna í Eyjafirði og var meginþungi hundaveiðinnar frá apríl til júní en minni eftir það.

Í lok árs 2007 var vitað um 349 minka sem veiðst höfðu á báðum svæðunum. Af þeim eru 204 veiddir á Eyjafjarðarsvæðinu og 145 á Snæfellsnesi. Hér eru

einungis tiltekin fullorðin dýr sem veiddust en ekki hvolpar eins og hefur tíðkast víðast. Af samanburði við fyrri ár er ljóst að um allnokkra aukningu er að ræða í veiði á fullorðnum dýrum.

Rúmlega 65% dýranna voru veidd í gildrur og er það mun hærra hlutfall en reyndist vera í könnun sem gerð var meðal veiðimanna árið 2001<sup>1</sup> þar sem hlutfallið var öfugt, eða um 27% í gildrur en 73% með hundum.

Hlutfall kvendýra í veiðinni var hærra en karldýra, sem er mjög jákvætt sé verið að ná fram fækkun í stofninum. Yfir allt árið þá er hlutfall kvendýra í veiðinni á Eyjafjarðarsvæðinu 58% og 51% á Snæfellsnesi. Sé aðeins tekið tímabilið janúar til maí, þá er hlutfallið 62% kvendýr á Eyjafjarðarsvæðinu og 51% á Snæfellsnesi. Á þessum tíma er sérstaklega mikilvægt að ná kvendýrum og draga þannig úr framleiðni stofnsins og má segja að á þessum tíma sé kvendýrið margfalt „verðmætara“ fyrir

1) Brynjólfur Brynjólfsson 2001. Veiðiaðferðir á mink á Íslandi árið 2001 með sérstakri áherslu á gildruveiðar. Veiðistjóraembættið, Akureyri.



átakið en karldýrið. Áður en veiðiátakið hófst voru ýmsir veiðimenn og aðrir búnir að spá því að karldýr yrðu veiðanlegri, sérstaklega á fengitíma og að illa myndi ganga að veiða læður í gildrur á þeim tíma.

Ekki er enn sem komið er hægt að meta árangur veiðanna. Til þess þarf að veiða með sama álagi næstu ár og bera saman veiði á sóknareiningu, þ.e. veiði á gildrunætur og veiði á hundatíma. Þá ættu rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands

að segja okkur til um árangur veiðanna á Snæfellsnesi fyrsta árið. Sé veiðin aftur á móti borin saman við veiði fyrri ára þá gefur sá samanburður góð fyrirheit um að vel hafi tekist til á þessu fyrsta ári. Einnig var jákvætt hve hátt hlutfall kvendýra var í veiðinni og hve vel veiddist í gildrur að vori, fyrir got. Það ætti að vera hvatning til veiðimanna um að auka gildruveiðar á mink og hefja þær strax síðla vetrar af fullum krafti.

*Arnór P. Sigfússon*



**Með augum fálkans.....**

**Swarovski sjónaukar**

**SWAROVSKI**  
OPTIK

**ÍSNES EHF.**

 **BERETTA**

## MINKAVEIÐIÁTAK SKOTVEIÐIFÉLAGS ÍSLANDS



**SIGMAR B. HAUKSSON**

FORMAÐUR SKOTVEIÐIFÉLAGS ÍSLANDS

Undanfarin ár hafa umhverfismál fengið æ meira vægi í stjórnmálaumræðunni. Hér á Íslandi hefur umræðan snúist um virkjunarframkvæmdir á hálandinu og erlendis um hlýnun jarðar vegna mengunar. Athyglisvert er þó að gríðarleg hótun við lífríkið er margskonar flutningur framandi dýra og plantna til nýrra landssvæða. Hér á Íslandi er þetta þó ekki alvarlegt vandamál. Sumum er í nöp við lúpínuna og telja hana óvelkominn gest í íslenskrí flóru. Alvarlegasta mengunarslysið í þessum efnum á Íslandi er tilkoma minksins árið 1931.

### Mesta umhverfisslys Íslandssögunnar

Margir telja að minkurinn sé eitt alvarlegasta umhverfisslys Íslandssögunnar. Hann hefur haft gríðarleg áhrif á lífríki Íslands svo ekki sé meira sagt. Í 68 ár hefur verið skipuleg útrýmingarherferð á mink hér á landi. Hundruðum milljóna hefur verið varið í þessa baráttu en þrátt fyrir það er minkurinn stöðugt að nema ný lönd. Árlega eru veiddir á milli 6.000–7.000 minkar hér á landi en það virðist ekki duga. Svo aftur sé minnst á hlýnandi veðurfar þá virðist það gagnast minkunum vel. Minkurinn heldur aðallega til við ár, vötn, tjarnir

og sjávarmál. Glöggir veiðimenn og aðrir unnendur náttúrunnar eru nú farnir að rekast á mink á heiðum uppi, fjarri vötnum, ám og lækjum. Í vor sem leið eru í það minnsta þrjú dæmi, sem vítað er um að minkur hafi drepið rjúpuunga og í tveimur tilfellum einnig móðurina. Engar vísbendingar eru þó um að minkur hafi afgerandi áhrif á bágt ástand íslenska rjúpnastofnsins en ýmsir aðrir fuglar sem veiddir eru hafa orðið illþrymlega fyrir barðinu á minknum. Í þessu sambandi má t.d. nefna teistuna.

### Þjóðaráttak í eyðingu minks

Baráttan gegn minknum hefur því miður ekki gengið nægjanlega vel, eins og dæmin sanna. Staðreyndin er hins vegar sú að með sameiginlegu átaki má halda minkastofninum í skefjum og jafnvel eyða honum algjörlega á sumum svæðum. Vel hefur tekist í þessum efnum sums staðar erlendis t.d. á Bretlandseyjum og í

Svíþjóð. Árið 2006 ákvað stjórn Skotveiðifélags Íslands að efna til átaks í eyðingu minks. Árið 2007 voru veiðimenn hvattir til að leggja stund á minkaveiðar. Áttak þetta hefur verið vel kynnt meðal veiðimanna og hafa þeir sem hafa tekið þátt í átakinu átt kost á að vinna vegleg verðlaun. Allir sem tekið hafa þátt hafa fengið fallega barmnælu að launum. Áttak þetta hefur vakið nokkra athygli og hafa fjölmargir haft samband við félagið og viljað fræðast um það. Margir aðrir sjá einnig mink í náttúrunni. Nefna mætti eigendur fristundahúsa og stangveiðimenn og annað útivistarfólk. Flestir gera sér grein fyrir því mikla tjóni sem minkurinn veldur en treysta sér ekki til að leggja stund á minkaveiðar.

Skotveiðifélag Íslands hefur því ákveðið að árið 2008 verði þjóðaráttak í eyðingu minks. Margar hendur vinna létt verk og það þarf ekki veiðikort til veiða á mink. Allir geta stund- að þessar veiðar. Auðveldast er

fyrir almenning að veiða minkinn í gildru. Ef þorri íslensks útivistarfólks tæki sig til og fjárfesti í minkagildrum og legði þær út mætti vinna stóráttak í eyðingu minks og höggva stórt skarð í stofninn.

Skotveiðifélag Íslands mun í apríl 2008, dreifa fræðsluefni um gildruveiðar á mink og væntir

þess að unnendur íslenskrar náttúru og allt útivistarfólk gefi þessu átaki gaum og taki þátt í því. Hér er um að ræða náttúruvernd í verki.


*Nánari upplýsingar um minkaveiðiáttak Skotveiðifélags Íslands má finna á heimasíðu félagsins: [www.skotvis.is](http://www.skotvis.is)*

The advertisement for Byssur.com features a top image of a snowy mountain peak under a blue sky. Below this, there are several images of firearms: a rifle, a shotgun, and a handgun. At the bottom, there are logos for various brands: CAESAR GUERINI, a box of ammunition, ČEKÁ ZBRUČKA, a red diamond logo with 'COLL', a black handgun, and a red diamond logo with 'BRISLETO'. The website name 'Byssur.com' is written in the top right corner of the image area.

Rafeindavirkinn sf

[rav@rav.is](mailto:rav@rav.is)

8228999



## Hagsmunasamtök íslenskra skotveiðimanna

Skotveiðifélag Íslands eru einu  
hagsmunasamtök skotveiðimanna á  
landsvísu.

Með félagsaðild að SKOTVÍS  
stendur þú vörð um  
hagsmuna- og réttindamál  
íslenskra skotveiðimanna.

Með því að taka þátt í  
starfsemi SKOTVÍS tryggir  
þú að við getum stundað  
skotveiðar í íslenskri náttúru  
um ókomin ár.



Allir meðlimir  
Skotveiðifélags  
Íslands fá  
árlega sent  
vandað tímarit  
um byssur og  
skotveiðar.



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Holtagerði 32 - 200 Kópavogur

Sími: 551 4574 - 893 4574

Tölvupóstfang: skotvis@skotvis.is

Heimasíða: www.skotvis.is

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:	FJÖLDI VEIÐIDAGA
Svartbakur								
Silamáfur								
Silfur máfur								
Hrafn								
Grágæs								
Heiðagæs								
Fýll								
Dílaskarfur								
Toppskarfur								
Blesgæs								
Helsingi								
Stökkönd								
Urtönd								
Rauðhöfðaönd								
Duggönd								
Skúfönd								
Hávella								
Toppönd								
Hvít máfur								
Hettumáfur								
Rita								
Álka								
Langvía								
Stuttnefja								
Teista								
Lundi								
Rjúpa								
Kjói								
Refur								
Minkur								
Hreindýr								

## BEIÐNI UM VÆNGI VEGNA GÆSA- OG ANDARANNSÓKNA



### ARNÓR P. SIGFÚSSON OG HALDÓR W. STEFÁNSSON

Út frá gæsa- og andavængjum úr veiðinni að hausti má lesa hlutfall unga frá sumrinu á undan og þannig fá hugmynd um hvernig varp hefur tekist. Því óskum við eftir því eins og áður að fá að skoða vængi frá veiðimönnum af öllum tegundum gæsa og anda. Annað hvort getum við mætt á staðinn ef því verður við komið og aldursgreint aflann eða þið getið sent til okkar annan vænginn af þeim fuglum sem þið skjótið. Vinsamlegast hafið samband við Arnór P. Sigfússon í síma 843 4924 eða ef þið eruð á Austurlandi þá hafið samband við Halldór W. Stefánsson í síma 471 2553. Þið getið einnig sent okkur tölvupóst á [arnor.sigfusson@vst.is](mailto:arnor.sigfusson@vst.is) og [doco@simnet.is](mailto:doco@simnet.is)

Ef vængir eru geymdir og send-



ir þá má ekki geyma þá lengi í plasti því þannig úldna þeir strax. Best er að leyfa þeim að þorna og setja svo í pappakassa. Ef vængir eru höggðir af þá sendið alltaf vængi sömu megin af öllum fuglum, t.d. hægri væng. Látið fylgja með nafn, síma, heimilisfang og/eða netfang og hvenær fuglarnir voru veiddir og á hvaða stað eða veiðisvæði skv. veiðidagbók veiðistjórnunarviðs.

*Með ósk um gott samstarf.  
Arnór P. Sigfússon og  
Halldór W. Stefánsson*

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Skotanotkun: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

## Skilahappdrætti UST 2008

Dregið var 07.02.2008 úr 5.237 skýrslum sem skilað var inn fyrir  
1. febrúar 2008

### 1. verðlaun

Garmin GPSmap 60CSx  
staðsetningartæki

Pétur Kristinn Hilmarsson

Logafold 138  
112 Reykjavík

### 2.-10. verðlaun

Bækur eftir Einar Guðmann  
Veiðar á villtum fuglum og  
spendýrum og  
Skotvopnabókin,  
meðferð og eiginleikar skotvopna

### Björn Már Ólafsson

Fífumýri 4  
20 Garðabær

Hjálmar Jóhannesson

Norðurtúni 13  
580 Siglufjörður

### Gretar Þór Sæþórsson

Glitvöllum 40  
221 Hafnarfjörður

Jóhann Valur Ólafsson

Furulundi 1e  
600 Akureyri

### Þorsteinn Sigfússon

Hafnarbraut 33  
510 Hólmavík

Jón Logi Júlíusson

Birkiholti 3  
225 Bessastaðarhreppur

### Pétur Fornason


Fornhaga  
641 Húsavík

Hinrik Þórðarson

Hólabraut 22  
600 Akureyri

### Magnús Jón Ólafsson

Borgarhlíð 7d  
603 Akureyri



**GLÆSILEGASTA**  
**VEIÐIDEILD LANDSINS**  
STANGVEIÐI - SKOTVEIÐI

Við höfum allt fyrir veiðimanninn.  
Sérfræðingar okkar veita þér faglega  
ráðgjöf og góða þjónustu.

**INTERSPORT®** VEIÐIDEILD

Bíldshöfða 20 • Reykjavík • s. 585 7220

# VEIÐIKORTAKERFIÐ



Ár	Fj. umsókna	Veiðikort			Rekstur millj.
		Útgefin	Greidd	Innkoma millj.	
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8

Árið 2007 var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	2.800.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúparannsóknir	12.900.000	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Íslenskir sjófuglastofnar	1.800.000	Liffræðistofnun HÍ	Arnþór Garðarsson
<b>Samtals</b>	<b>17.500.000</b>		

# Allt í skotveiðina

Fjölbreytt úrval af skotvopnum frá Winchester, Browning, Bettinsoli, FAIR, Benelli og Baikal.

Varmafatnaður frá Devold, gönguskór frá Lomer, neyðarblys o.m.fl.

Komdu við hjá okkur áður en þú heldur til veiða.



# Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is) • Póstsendum um allt land  
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630



# VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Svartbakur	35.787	32.785	29.801	32.342	25.133	20.210	18.023	18.000		15.570	16.753	15.314
Silamáfur	22.340	22.390	27.625	34.030	19.865	26.742	17.753	23.224		19.989	19.671	17.191
Silfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	6.507		4.094	4.186	5.459
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.564	4.555	3.087	3.884	2.856		4.399	3.722	3.494
Grágæs	35.350	37.657	41.240	38.017	35.038	32.510	32.692	31.385		38.054	36.889	29.294
Heiðargæs	10.695	12.182	14.674	15.396	13.903	14.271	12.557	11.691		13.184	13.371	10.429
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.319	3.563	3.710	2.951		3.576	3.142	285
Helsingi	1.876	1.619	2.629	2.283	1.376	1.412	1.409	925		1.153	1.478	997
Stökkönd	9.885	11.507	10.635	10.989	9.336	10.443	9.672	8.447	Veitðitölur	11.083	8.752	7.603
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.099	1.190	2.348	1.743	1.377	2003	1.235	1.182	985
Rauðhöfðaönd	684	709	637	668	811	1.688	1.356	840	Önothæfar	828	736	629
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	185		145	181	100
Skúfönd	126	70	158	203	473	82	103	91		147	127	70
Hávella	2.022	1.860	1.556	1.496	1.843	1.949	1.924	1.538		1.426	1.327	1.210
Toppönd	488	757	672	674	546	559	725	553		703	676	440
Hvítmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.251	3.111	2.592		1.909	3.313	2.345
Hettumáfur	2.958	2.696	2.854	2.306	1.910	1.527	1.274	1.216		979	1.821	1.579
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	1.262		867	490	605
Dilaskarfur	2.550	2.980	2.762	1.894	1.657	2.161	3.352	2.365		2.493	1.913	1.331
Toppskarfur	5.128	6.499	4.423	2.257	2.237	2.783	3.811	3.163		2.359	2.184	1.604
Fýll	8.059	8.920	10.093	9.037	7.739	10.495	10.323	8.529		6.051	4.931	5.558
Álka	18.461	27.588	20.862	25.185	27.946	20.323	22.082	21.502		17.124	14.028	11.619
Langvía	52.867	65.179	59.529	65.612	59.797	66.567	52.839	58.927		38.286	36.740	20.383
Stuttnefja	15.114	20.489	15.443	18.495	21.673	16.572	17.288	15.205		14.089	7.632	4.739
Teista	3.424	4.082	3.942	3.876	4.882	4.692	4.852	3.281		2.974	2.847	2.281
Lundi	215.517	232.936	186.400	160.075	127.680	128.246	136.320	125.845		106.432	74.077	83.160
Rjúpa	123.392	158.363	166.129	159.188	153.263	129.200	101.548	79.584		1.065	79.844	50.850
Kjóli	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.183	1.022		1.372	788	796
Refur	3.677	3.535	3.957	4.523	4.905	5.415	5.403	5.696		6.837	7.004	6.595
Minkur	6.341	6.718	8.016	7.780	7.730	8.638	8.307	8.497		8.813	8.510	7.716
Hreindýr	329	361	260	300	406	359	462	553		863	800	854
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	493		329	307	488

## Sóknardagar og áætluð stofnstærð

	2002	2004	2005	2006	Stofnst. að vori *
Svartbakur	3.613		3.895		50.000
Silamáfur	2.755	1.939	3.266	3.194	25.000
Silfurmáfur	1.712	978	1.164	1.952	4.000
Hrafn	1.660		1.802	3	2.500
Grágæs	8.887	8.397	9.834	9.783	83.000 Heildarfl. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Heiðargæs	3.531		5.847		200.000 Heildarfl. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Blesgæs	1.017	957	913	194	32.000 Heildarfl. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Helsingi	329		401		32.000 Heildarfl. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Stökkönd	3.884		4.150		10-15.000
Urtönd	571		538		3-5.000
Rauðhófaönd	328	382	348	210	4-6.000
Duggönd	80		141		4-6.000
Skúfönd	67	47	27	20	6-8.000
Hávella	366		212		1-3.000
Toppönd	210	275	179		2-4.000
Hvitmáfur	1.115	705	976	767	8.000
Hettumáfur	386	555	458	645	25-30.000
Rita	920		85		900.000
Dilaskarfur	509		414		2-3.000
Toppskarfur	531		752		8-9.000
Fýll	920	1.332	568		1-2 milljónir
Álka	1.272	1.406	803	730	380.000
Langvia	1.968		3.872		990.000
Stuttnefja	1.045		3.318		580.000
Teista	650	474	330		20-30.000
Lundi	12.229		3.318		2-3 milljónir
Rjúpa	15.712	97	14.096	11.725	50-100.000
Kjói	737		259		5-10.000
Refur	3.025		4.136		3.900 fjöldi dýra að vori
Minkur	4.662		5.374		>3.500 fjöldi dýra að vori
Hreindýr	738		793		2.500 fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	17	329	15		23.000

\* Stofnstærð að vori - Varppör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstærð er (varppör x 2) + ókynbrokka fuglar

Dæmi: Stofn X að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar

## FRÍÐLÝST SVÆÐI Umhverfisstofnun



### Kæru veiðimenn

Akstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hálendinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkum sverði og gisnun háplöntugróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu – hlífum landinu við akstri utan vega.

### Náttúruverndarsvæði


Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 93 fríðlýst náttúruverndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd og þrjú með sér lögum. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórnum og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlýstum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is).

Svæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
<b>Suðvesturland</b>		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Eiðey	119/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km.
Grötta	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárósar	506/1987	
Bakkatjörn	889/2000	Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness.
Hlið	549/2002	Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.

Kasthúsatjörn og aðluggjandi fjörur	663/2002	Sveitarstjörn Bessastaðahrepps getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf svæðisins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.	Herðubreiðarfríðland Hraun í Óxnadal	272/1974 534/2007	Meindýraveiðar bænda eru heimilar. Umsjónarnefnd fólkvangsins getur veitt heimild til að veiða refi og minka í fólkvanginum ef sérstök ástæða þykir, en ætíð í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og verndaráættun.
Valhúshahæð	81/1998				
Vífilsstaðavatn	1064/2007	Notkun skotvopna er heimil til refa- og minkaveiða eða á grundvelli 5. og 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.	Jökulsárgljúfur Krossanesborgir	359/1993 162/2005	Bæjarstjörn Akureyrar getur veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
Víghólasvæði	778/1983				
<b>Vesturland</b>					
Blautós og Innstavogsnes	166/1999	Bæjarstjörn Akraness getur veitt heimild til þess að verja varplönd fyrir hrafini og máfum.	Vestmannsvatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil.
Búðahraun	357/1979		<b>Austurland</b>		
Geitland	283/1988		Dima í Lóni	523/1975	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987		Esjufrjöll í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Húsafellsskógur	606/2001		Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.
Hvanneyri	364/2002		Hólmánes	393/1973	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Melrakkaey	118/1974	Skot bönnuð nær eyinni en 2 km.	Hvannalindir í Krepputungu	32/1973	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988		Ingólfshöfði	388/1978	Hefðbundnar nytjar bænda.
Snæfellsjökull	568/2001		Kringilsárrani	181/2003	
Vestfirðir			Lónsóræfi	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur.
Flatey	395/1975	Bændum er heimilt að bæjga vargi frá æðarvörpum.	Ósland	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
Hornstrandir	332/1985	Landeigendum eru heimilar hefðbundnar nytjar.	Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil.
Hrísey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.	Skaftafell	Reglugerð 879/2004	Veiðar á ref og mink eru heimilar samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar.
Vatnsfjörður	96/1975		Skrúður	513/1995	Skot bönnuð nær eyinni en 500 m. Ábúanda er heimil hlunnindarýnting.
<b>Norðurland Vestra</b>			<b>Suðurland</b>		
Guðlaugstungur	1150/2005	Heimilar eru veiðar á ref- og mink og heimilt er að eyða dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráættun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.	Dyrhólaey	101/1978	Hefðbundnar nytjar bænda á æðarvarpi, fýl og lunda eru heimilar.
Hrútey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar.	Dverghamrar	446/1987	
Miklavatn	29/1977	Eyðinga meindýra er heimil.	Gullfoss	141/1979	
Spákonufellshöfði	444/1980		Herdisarvík	121/1988	
<b>Norðurland Eystra</b>			Oddaflóð	634/1994	
Böggvísstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar.	Pollengi og Tunguey	457/1994	
Dettifoss, Selfoss og	443/1980		Skógafoss	477/1987	
Fríðland í Svartaðardal	456/1996	Landeigendum eru heimilar dýraveiðar.	Surtsey	50/2006	
Hafragsliffoss			Pingvellir	Lög 47/2004	Veiðar á dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar eru heimilar.
			Þjórsárvær	507/1987	

# Fríðlýst svæði á Íslandi

Janúar 2008



# veiðar.is

vefur veiðimannsins

*fróðleikur um stangveiði og skotveiði*

# FUGLAMERKI HVÆÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að affla upplýsinga um lífnaðarhætti þeirra, ferðir, lífsleidd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthfang merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins öriltill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands  
Fuglamerkingar  
Pósthólf 5320  
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvern tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595

## Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333  
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009  
www.hlad.is



## Údráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakin á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 er umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur umhverfisráðherra gefið út reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/1994.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil.

Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31. mars í lögunum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is).

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

## Við veiðar er m.a. óheimilt að nota

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörungur og snörunguleka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepíð eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindataekjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfsvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða og fjórhjól, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skot-

Villisvínaveiði

[www.HUNTER.is](http://www.HUNTER.is)

Sími 896 6700

[www.isnes.is](http://www.isnes.is)

voðn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, díla-skarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi

stafar bein hætta af. Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiaránu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

**Veiðiaríð telst vera frá  
1. janúar til 31. desember.**  
Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

*Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.*



**ALLT Í  
SKOTVEIÐINA Á**  
[www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)



## RIFFLAR:

Voere, Sako, Tikka, Brno, Marlin, Henry, Weatherby o.fl.

## HAGLABYSSUR:

Benelli, Remington, Beretta, Franchi, Zabala, Flodman o.fl.

## SÉRPÖNTUM FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM

**Vesturröst ehf. • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík**

Sími: 551-6770 • Fax: 581-3751 • [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is) • [vesturrost@vesturrost.is](mailto:vesturrost@vesturrost.is)

# VEIÐITÍMABIL


	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Agúst	September	Október	Nóvember	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svartbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													Alfriðun
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stokkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvítmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													Augl. síðar
Kjói													15.04 - 14.07

• ATH! Helsingi er friðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lítill alíslenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til.



## Veiðiland

Umboðsaðili Remington á Íslandi  
Sako - Tikka



"Stoð og stytta veiðimannsins  
svo langt sem elstu menn muna"

Remington®

Veiðiland ehf. – Flugumýri 8 – 270 Mosfellsbær

Sími: 588 5830 – Fax: 588 5835 – Gsm: 698 6263 – [www.veidiland.is](http://www.veidiland.is)